

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

168. fundur

Árið 2010 miðvikudaginn 14. apríl kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 168. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund. Mætt undirrituð.

Í upphafi fundar gerði oddviti tillögu um að inn á dagskrá fundarins 5. lið verði tekin fundargerð 177. fundar skipulags- og umhverfisráðs. Samþykkt með 6 atkvæðum.

Gengið var til dagskrár.

1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2009. Fyrri umræða. Mætt voru á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi og Guðrún Ragnarsdóttir skrifstofustjóri. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum ásamt skrifstofustjóra. Lagt var fram bréf frá kjörnum skoðunarmönnum sveitarfélagsins varðandi ársreikninginn. Að loknum umræðum lagði oddviti fram svohljóðandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja 2009 til síðari umræðu.“ Tillagan samþykkt með 7 atkvæðum.
2. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.
 - a) Fundargerð 639. fundar 15. mars. Fundargerð í 8 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 8. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að endurgreiðsla Vinnumálastofnunar vegna undirbúnings málningar Hamarsréttar á sl. ári kr. 185.000,- verði færð á reikning Fjallskiladeildar Vatnsnesinga á árinu 2010. Að auki samþykkir sveitarstjórn að veita Fjallskiladeild Vatnsnesinga fjárfstyrk kr. 115.000,- á árinu 2010 til að ljúka málningu réttarinnar. Samþykktinni vísað til endurskoðunar fjárhagsáætlunar.“ Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - b) Fundargerð 640. fundar 22. mars. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
 - c) Fundargerð 641. fundar 29. mars. Fundargerð í 9 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 8. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðan húsaleigusamning við Félagsheimilið á Hvammstanga um leigu húsnæðis fyrir félagsmiðstöð.“ Borinn undir atkvæði 8. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 4 atkvæðum gegn 1. Aðrir liðir fundargerðarinnar samþykktir með 7 atkvæðum.
 - d) Fundargerð 642. fundar 6. apríl. Fundargerð í 4 liðum. Í umræðu um 1. lið fundargerðarinnar kom fram ósk frá Oddi Sigurðarsyni um að fundinum yrði lokað um stund og var það samþykkt með 7 atkvæðum. Að loknum umræðum um 1. lið var lokun fundarins aflétt. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

- e) Fundargerð 643. fundar 12. apríl. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
3. Fundargerð 103. fundar félagsmálaráðs 7. apríl. Fundargerð í 4 liðum. Oddviti kynnti. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
4. Fundargerð 88. fundar menningar- og tómstundaráðs 12. apríl. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykktir að verða við ósk Búnaðarfélags Staðarhrepps og Ungmennafélagsins Dagsbrúnar um að félögunum verði afhent til eignar og umráða bækur þær sem nú eru í húsnæði Barnaskóla Staðarhrepps og voru í eign Lestrarfélags Staðarhrepps skv. nánara samkomulagi þar um. Fyrir liggur umsögn menningar- og tómstundaráðs á ósk félaganna þar sem fram kemur að það geri ekki athugasemd við að félögunum verði afhent umrætt bókasafn til eignar og umráða.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 7 atkvæðum. 2. liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.
5. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.
- a) Fundargerð 176. fundar 8. apríl. Fundargerð í 8 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.
- b) Fundargerð 177. fundar 12. apríl. Fundargerð í 2 liðum. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 2. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagaðar reglur um smáhýsi.“ Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 5 atkvæðum. 1. liður fundargerðarinnar samþykktur með 7 atkvæðum.

Samþykkt var að næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar verði haldinn miðvikudaginn 12. maí kl. 11:30.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 18:30.

Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),
Skúli Þórðarson(sign.),
Stefán Böðvarsson(sign.),
P. Karl Eggertsson(sign.),
Elín R. Líndal(sign.).

Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),
Heimir Ágústsson(sign.),
Oddur Sigurðarson(sign.),
Halldór Sigfússon(sign.).